Fyrir og eftir syndafallið

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir: Skúlptúrar Brynhildar Þorgeirsdóttur /Inua, andleg veröld eskimóa í Alaska.

Ekki veit ég hvort það er tilviljun að Kjarvalsstaðir sýna nú saman skúlptúra eftir Brynhildi Þorgeirsdóttur og listiðnað inúíta frá ströndum Beringshafsins í Alaska. En sé ekki um tilviljun að ræða, þá er það vel til fundið, því sýningarnar bæta hvor aðra upp með ýmsu móti og gefa tilefni til ögrandi samanburðar.

Sýningin frá Smithsonian–stofnuninni í Washington gefur okkur heillandi innsýn í menningarheim þeirra samfélaga, sem bresk–ceylonski listfræðingurinn Ananda K. Coomaraswamy (1877–1947) kallaði hefðbundin, til aðgreiningar frá hinu sundurvirka samfélagi nútímans sem Coomaraswamy segir að hafi hafist með falli lénsskipulagsins og eftir dauða Leonardos da Vincis. Coomaraswamy var einhver snjallasti fræðimaður um miðaldalist og menningarheim Austurlanda sem um getur, og átti á sínum tíma mikinn þátt í að opna austurlenskan menningarheim fyrir Vesturlandabúum, en hann starfaði lengst af sem yfirmaður austurlandadeildar Listasafnsins í Boston. Í ritgerð frá árinu 1939, sem hann kallaði „Hinn frumstæði hugarheimur", gerir hann nokkra grein fyrir helstu einkennum hins hefðbundna samfélags, sem einnig á vel við samfélag inúíta.

Í fyrsta lagi, segir Coomaraswamy, er það einkenni þessara samfélaga að hugmyndirnar eiga sér samfélagslegt birtingarform gagnstætt því persónubundna, sem einkennir siðmenningu samtímans. Í hinu hefðbundna samfélagi er persónuleg eign á hugmyndum óhugsandi og staðfesting sannleikans órjúfanlega bundin guðdómlegum vísdómi, sem er sameign samfélagsins. Myndlist og sagnalist þessa samfélags fjallar ekki um einstaklingsbundnar persónur heldur manngerðir sem hægt er að endurgera í ólíku formi, á meðan eftirlíking einstaklingsbundinnar persónu verður aldrei annað en eftirherma.

Annað megineinkenni hins hefðbundna samfélags og hins „frumstæða hugarheims" er það sem hann kallar „dulræna innlifun eða þátttöku". Hlutur er ekki bara það sem hann sýnist, heldur líka það sem hann stendur fyrir. Hlutir og fyrirbæri (manngerð eða náttúruleg) eru ekki gerð að tilfallandi táknmyndum æðri veruleika eins og okkur er tamt að líta á, heldur eru fyrirbærin sjálft birtingarform þessa veruleika. „Örninn eða ljónið, svo dæmi séu tekin, eru ekki tákn eða ímynd sólarinnar, heldur eru þau sólin með táknrænum hætti...á sama hátt og sérhvert hús er alheimurinn og sérhvert fórnaraltari er staðsett í miðju alheimsins...Uppruni dýratótemsins er því ekki fjarstæðukenndur eins og mannfræðingunum er tamt að halda, heldur má rekja hann til sólarinnar, frumföður allra, í þeirri mynd sem hann birtist stofnanda ættbálksins í draumi eða sýn. Sama hugsun liggur á bak við altarisgönguna: Frumfaðirinn fórnar sér og afkomendur hans taka þátt í fórninni í gegnum hold hins heilaga dýrs: „Þetta er minn líkami, takið og etið".

Og Coomaraswamy vitnar áfram í franska mannfræðinginn Lévy-Bruhl, sem segir að slík tákn séu oft ekki gerð í þeim megintilgangi að gera viðfang sitt sjáanlegt, heldur til þess að gera innlifunina eða þátttökuna mögulega. Táknin eru því í bókstaflegri merkingu staðgenglar ósýnilegra vera eða fyrirbæra, og það er því ekkert skilyrði að þau séu bein sýnileg eftirlíking á sama hátt og venjuleg portrettmynd, svo dæmi sé tekið. Og síðan heldur Coomoroswamy áfram: „Tilgangur hinnar frumstæðu listar skýrir hið abstrakta eðli hennar, sem á ekkert skylt við fagurfræðileg eða skreytileg markmið „listamanns" nútímans, sem einungis skilur hina fornu myndlist sem merkingarlaus „listræn form". Við, hinir siðmenntuðu menn, höfum glatað þeirri Paradís sem felst í frummynd sálarinnar (Urbildseele). Við lifum ekki lengur meðal þeirra mynda sem við skópum hið innra með okkur: við erum orðnir einfaldir áhorfendur sem skoða fyrirbærin utanfrá."

Af þessu má vera ljóst að Coomaraswamy gaf ekki mikið fyrir myndlist eða siðmenningu samtímans. Enda vitnaði hann gjarnan í John Lodge: „Frá steinöld til dagsins í dag, hvílík hnignun!" Og syndafallið varð, segir Coomaraswamy, þegar maðurinn hætti að geta lifað lífinu í allri sinni stærð og heild, þegar hann hætti að vera frumspekileg vera, en fór að leggja stund á heimspeki og vísindi og „listir" í staðinn.

Samkvæmt túlkun Coomaraswamy höfum við sem skoðum inúítasýninguna á Kjarvalsstöðum takmarkaða möguleika til að skilja það sem þar er að sjá. Okkur skortir þá mikilvægu forsendu sem er hin metafýsíska eða frumspekilega innlifun og þátttaka.

En þá er rétt að spyrja: hvernig hefðu inúítarnir skilið sýningu Brynhildar Þorgeirsdóttur?

Coomaraswamy hefði sjálfsagt sagt okkur að þeir hefðu ekki skilið hana með neinu móti, því þar væri í rauninni ekkert að skilja. Því myndlist nútímans hefði í raun losað sig við allan tilgang og þar með skilning og eftir stæði tilfinningasemin nakin og ómenguð: hreinræktuð estetík. Því gagnvart hinum metafýsíska manni er listaverkið óskiljanlegt nema í tengslum við áþreifanlegan tilgang. Annað hvort er það helgimynd eða verkfæri/nytjahlutur. Og listrænt gildi hlutarins fer eftir því hversu vel helgimyndin eða nytjahluturinn þjónar sínum tilgangi.

Vel gerður hlutur og sannleikanum samkvæmur er hlutur sem gegnir sínu hlutverki fullkomlega og er í formi sínu eða ornamenti samofinn trúarlegum hugmyndaheimi samfélagsins.

Okkar samfélag á sér ekki slíka sameiginlega trúarvitund. Jafnvel lútherska kirkjan hefur afneitað því að oblátan sé í raun og veru hold Krists, eins og kaþólikkarnir þó segja. Hún er bara frauð, segja prestarnir, en við skulum í þykjustunni reyna að ímynda okkur að hún sé líkami Krists.

Sú innsýn sem Coomaraswamy veitir í list fornaldar og miðalda er vissulega opinberun fyrir þá sem kynna sér hana, en hafði hann rétt fyrir sér um þann glötunarveg sem mannkynið gekk inn á eftir síðara syndafallið? Vissulega er gagnrýni hans á vélmenningu samtímans sláandi, þar sem hið fagra og hið nytsama hefur verið aðskilið og möguleikar mannsins til alhliða þroska og altækrar upplifunar takmarkaðir, en fordæming hans á myndlist samtímans þarf ekki að standast fyrir því. Í þessu sambandi er fróðlegt að heyra hvað Theodor W. Adorno segir:

„Sú skoðun sem vesturlandamenn og stalínistar hafa blásið út í sameiningu, að nútímalist sé óskiljanleg, er rétt frá sjónarmiði reynsluhyggjunnar. En hún er líka röng, því hún meðhöndlar skynjunina sem óbreytanlega stærð og horfir framhjá þeim áhrifum sem óskiljanleg verk geta haft á vitundarlífið. Í hinum skipulagða heimi nútímans er eina mögulega aðferðin til þess að tileinka sér listina sú að leita þar sem hið ósegjanlega er sagt og þar sem ok hinnar firrtu eða hlutgerðu vitundar er þar með rofið." (Aesthetic Theory, bls. 280)


Svo virðist sem Adorno telji að sannleiksgildi listaverksins verði sannreynt í þeim frelsandi krafti sem það kann að miðla. Og þessi frelsandi kraftur tengist þeim galdri sem á sér stað þegar áður ósögð hugmynd eða tilfinning – hið ósegjanlega – tekur á sig efnislegt form. Þegar inúítinn efnisgerir anda selsins er hann ekki að segja nýjan sannleika, því fyrir honum er sannleikurinn einn og óbreytanlegur og óháður tímanum. Í nútímanum er listin háð sögunni og samfélaginu, en hún leitast jafnframt við að frelsa okkur undan oki sögunnar og samfélagsins. Sannleiksgildi hennar er afstætt út frá sjónarhóli sögunnar en verður hins vegar sannreynt í þeirri einstaklingsbundnu upplifun sem víkkar sjálfsvitund okkar. Þess vegna hafa umboðsmenn valdsins jafnan litið listina hornauga. Sannleikur hennar hefur með frelsun mannsins að gera.


Hvernig tengjast þessar vangaveltur svo skúlptúrverkum Brynhildar Þorgeirsdóttur?

Ekki nema óbeint. Brynhildur dregur upp úr hugarfylgsnum sínum kynjaverur og form og umbreytir þeim í sement og gler. Sumar myndirnar eru mjúkar og ávalar eins og mótaðar af veðrun höfuðskepnanna. Aðrar eru loðnar eða göddóttar, ógnvekjandi eða lúmskt spaugilegar. Þegar best tekst til eru þær fullkomlega ómennskar og eins og til orðnar af sjálfum sér, þar sem glerið virðist hafa vaxið sjálft út úr sendinni áferð steinsins. Eins og til dæmis í myndinni Bæjarfjall. Auðvitað er þetta blekking. Fjallið er holt að innan, sandinum er stráð í sementið og glerið er álímt. En samt... Blekkingin, sjónhverfingin er einfaldlega hluti af galdrinum. Galdrinum sem er í því fólginn að binda saman anda og efni.

Samkvæmt goðsögninni skapaði Guð heiminn úr orðinu einu. Hann þurfti ekki að óhreinka hendur sínar í glímunni við efnið. Hann blés lífi í sköpunarverkið og gaf því merkingu. Fyrir inúítanum er andagríman ekki blekking. Hún er andinn sjálfur manaður fram í efni trésins. Hún veitti manninum aukið vald yfir náttúruöflunum. Bæjarfjallið hennar Brynhildar veitir ekki slíkt vald. En ef við getum upplifað það í gegnum galdurinn, að við sjálf séum slíkt fjall, þótt ekki sé nema stundarkorn, þá erum við reynslunni ríkari. Reynslu, sem gæti komið að gagni, reynslu sem gæfi okkur nýjan heim að ferðast í. Hvernig væri að prófa?

Ólafur Gíslason





Gríma hins illa anda „tunghak", sem andamaðurinn einn gat séð. Augun tengjast fullum og vaxandi mána. Hárið sem stóð út úr munnopinu er dottið af.

Brynhildur Þorgeirsdóttir: „Bæjarfjall", 1990. 120x120x130 sm. Steinsteypa, gler og sandur.

Gljáin

Ný ljóðabók eftir Baldur Óskarsson


Út er komin hjá bókaforlaginu Hringskuggar ný ljóðabók eftir Baldur Óskarsson. Bókin, sem er 99 blaðsíður, ber nafnið Gljáin eftir einu ljóðanna, en þau eru samtals 75. Þetta er áttunda ljóðabók Baldurs frá því að Svefneyjar komu út árið 1966.

Ljóð Baldurs eru lágmælt en hnitmiðuð og einkennast af tæru myndmáli og næmri tilfinningu fyrir augnabliki líðandi stundar. Ljóðið Hvíldardagur er gott dæmi þess:

Sumar stundir
líða ekki

Þær hvíla
eins og litafletir
hlið við hlið

Nú vef ég að mér
einum svona degi



Baldur Óskarsson

Útkoma þessarar bókar ætti að vera ljóðaunnendum fagnaðarefni.

–ólg.